

Kæru gestir.

Eitt af því sem við eigum saman hérna á Íslandi og getum verið stolt af er raforkukerfið okkar. Sterkt og samkeppnishæft orkukerfi sem byggir nær alfarið á endurnýjanlegum orkugjöfum.

Þetta kerfi er afrakstur af samvinnu og samspili einkageirans og hins opinbera, af samfélagslegum ákvörðunum í bland við einkaframtak, og saga þessa kerfis er samofin sögu orkufreks iðnaðar á Íslandi. Það voru langtímasamningar við stóriðju sem létu dæmið ganga upp.

Raforkuverð hefur hækkað á síðustu misserum, en stóra myndin hefur ekki breyst. Raforkuverð heimila hefur haldist umtalsvert lægra á Íslandi en í löndunum í kringum okkur.

Fyrir dæmigert heimili hefur raforkukostnaður milli 2020 og 2025 á föstu verðlagi hækkað um innan við 0,1% af tekjum.

Raforkuverð á Íslandi hefur verið að meðaltali 40 prósentum lægra en meðaltalið í Evrópu síðustu ár, í evrum á hverja kílóvattstund.

Og ef við leiðréttum fyrir mismunandi tekjustigi landa fyrir árið 2024 kemur í ljós að kaupmáttur heimila gagnvart raforku var sá langmesti á Íslandi á árinu 2024 innan Evrópu. Hann er 2,5-faldur á við kaupmátt innan Evrópusambandsins.

Ég lít á það sem ábyrgðarhlutverk að viðhalda þessari stöðu til frambúðar, að Ísland verði áfram samfélag þar sem heimili og fyrirtæki hafa öruggan aðgang að raforku á viðráðanlegu verði.

Hagstætt verð fyrir heimili, samkeppnishæft verð fyrir atvinnulíf. Þannig viljum við hafa það. Þannig ætlum við að hafa það. En það gerist ekki af sjálfu sér. Það kallar á aukið orkuframboð.

Það dugar ekki að stækka bara virkjanir sem fyrir eru, við þurfum líka að halda góðum takti í nýframkvæmdum, við þurfum að knýja fram aukið framboð til heimila og fyrirtækja til þess að styðja við byggðapróun og verðmætasköpun um allt land.

Ríkisstjórn Krístrúnar Frostadóttur hefur einbeittan vilja til verklegra framkvæmda.

Þess vegna einföldum við regluverk, þess vegna ryðjum við burt hindrunum og þess vegna greiðum við fyrir fjárfestingum og framkvæmdum.

Ég er óþolinmóður og ég ætla að hlaupa hratt, því þetta er nákvæmlega það sem við í Samfylkingunni vorum kosin til þess að gera.

Við kynntum afgerandi stefnu í orkumálum þann 24. apríl 2024.

Og hvað sögðum við þar?

Við sögðum að ríkisstjórn undir okkar forystu myndi styrkja stjórnsýslu umhverfis- og orkumála, stytta afgreiðslutíma og auka málshraða.

Þetta hefur raungerst strax á fyrstu mánuðum nýrrar ríkisstjórnar með breyttum verkferlum og breyttum umboðsreglum hjá Umhverfis- og orkustofnun sem getur nú afgreitt mál að jafnaði 50% hraðar heldur en áður tíðkaðist – án þess að gefinn sé afsláttur af umhverfiskröfum og góðri málsmeðferð.

Stjórnvöld eru að vinna hratt niður stabbann af eldri málum sem höfðu hrannast upp á síðasta kjörtímabili. Og ég veit að með aukinni snjallvæðingu, aukinni samvinnu í gagnamálum og þeim lagabreytingum sem framundan eru munum við ná enn meiri árangri.

Við sögðum að ný ríkisstjórn myndi setja fram töluleg markmið um aukna raforkuöflun og vinna eftir þeim. Frumvarpið hefur þegar verið kynnt: við ætlum að skrifa það inn í raforkulög að stjórnvöld setji sér stefnu um raforkuöflun og við ætlum að tengja hana kyrfilega við ferli rammaáætlunar þannig að röðun virkjunarkosta endurspegli vilja stjórnvalda til orkuöflunar. Þetta er grundvallarbreyting.

Við sögðumst ætla að einfalda regluverk og koma upp einu samræmdu leyfisveitingaferli. Og hvað höfum við gert?

Við erum að afgreiða núna strax á þessu þingi bandorm um meiriháttar einföldun leyfisferla og fækkun viðkomustaða.

Umhverfis- og orkustofnun fær víðtækar heimildir til þess að sameina afgreiðslu mismunandi leyfa. Þar erum við bæði að tala um leyfi og heimildir sem heyra undir valdsvið stofnunarinnar sjálfrar og sem falla undir valdsvið annarra stjórnvalda.

Og með áframhaldandi árangri í að auka málshraða og skilvirkni hjá stofnuninni, þá mun leyfisveitingaferillinn í heild skreppa saman og biðin eftir hverri nýrri framkvæmd verða styttri.

Verkefni í orkunýtingarflokki rammaáætlunar munu njóta sérstakrar forgangsmeðferðar hjá stofnuninni, sem spilar vel saman við þá fyrirætlan mína að leggja fram og fá samþykkt rammaáætlun á hverju einasta löggjafarþingi þessa kjörtímabils þannig að orkunýtingarflokkurinn stækki jafnt og þétt.

Við gerum það sem í okkar valdi stendur til þess að tryggja framgang verkefna sem þegar hafa ratað í orkunýtingarflokk. Við eyðum óvissunni um Hvammsvirkjun og aðrar mikilvægar framkvæmdir með lagabreytingum, og við leiðréttum atriði í lögum um stjórn vatnamála sem hefði átt að laga fyrir löngu.

Við sögðum fyrir kosningar að við ætluðum að tryggja nærsamfélaginu auknar tekjur af orkuframleiðslu. Nú hefur innviðaráðherra kynnt áform um slíkar breytingar í samráðsgátt. Já, þær fela í sér auknar fjárhagsbyrðar fyrir orkufyrirtæki og þar þurfum við að gæta vel að útfærslunni, en ég er sannfærður um að breytingar í þessa veru séu nauðsynlegar til þess að höggva á hnúta, samstillast hagsmuni nærsamfélags og þjóðar og stuðla að aukinni orkuvinnslu.

Við sögðum fyrir kosningar að stigin yrðu stærri skref til jöfnunar á dreifikostnaði raforku um allt land. Slík breyting hefur strax verið lögð fyrir þingið. Frá og með 1. júlí næstkomandi mun raforkukostnaður í dreifbýli lækka um meira en 20 prósent, heimilum og fyrirtækjum til heilla, og við munum stíga enn stærri skref í þessum efnum næsta haust.

Við sögðum fyrir kosningar að við ætluðum að setja aukinn kraft í leit og nýtingu jarðhita til húshitunar. Og hvað höfum við gert?

Jú, strax á fyrstu vikunum settum við af stað stærsta almenna átakið í leit og nýtingu jarðhita sem ráðist hefur verið í á þessari öld. Þannig ætlum við að lækka húshitunarkostnað heimila, léttu kostnaði af fyrirtækjum, sveitarfélögum og grunnþjónustu á krefjandi svæðum – sem er grundvallaratriði fyrir verðmætasköpun og byggðapróun í landinu.

Kæru gestir.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið er ráðuneyti sem passar upp á náttúruna sem við eigum saman og passar upp á orkukerfið sem við eigum hérna saman, þetta er grundvallarhlutverk okkar.

En ég ætla líka að lofa ykkur því að undir minni verkstjórn verður umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið hagvaxtarráðuneyti. Ráðuneyti sem ryður burt hindrunum, ryður burt óþarfa reglubyrði og skrifinnsku, ráðuneyti sem ýtir undir hagvöxt, sjálfbæran hagvöxt þar sem við klippum á fylgnina milli aukinna efnahagsumsvifa og aukinnar kolefnislosunar, þar sem við styðjum rækilega við þá þróun að aukinni eftirspurn eftir orku sé mætt með grænni og endurnýjanlegri orku.

Hvað varðar einföldun regluverks þá erum við bara rétt að byrja. Þingið er að klára fjögur frumvörp frá mér sem snúast um nákvæmlega þetta, en nú tekur næsti fasi við og hvað gerist þá?

Ég ætla ekki að skipa einhvern starfshóp eða stýrihóp til þess að skoða hlutina, heldur vil ég eiga milliliðalaust samtal við ykkur. Þess vegna fengu mörg ykkar tölvupóst frá Þórunni ritaranum mínum í gær, þar sem fyrirtækjum í orku- og veitugeiranum, er boðið til vinnustofu í umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu þann 5. júní næstkomandi.

Þetta verður vinnustofa um einföldun regluverks, þrír fulltrúar frá hverju fyrirtæki, samtal við sérfræðinga í mínu ráðuneyti og sérfræðinga Umhverfis- og orkustofnunar, og ykkur verður helst ekki hleypt inn nema þið leggið fram beinharðar tillögur að laga- eða reglugerðarbreytingum.

Erum við að útvista löggjafarvinnunni til hagsmunaaðila? Nei, Við ætlum hins vegar að virkja ykkur, við ætlum kreista fram hugmyndir og rýna með galopnum hug tillögur sem berast frá ykkur, því að það eruð þið sem rekið ykkur á hindranirnar og þekkið flöskuhálsana best.

Kæru gestir.

Við erum með plan, sögðum við í aðdraganda síðustu kosninga, og það skal enginn efast um að planið okkar í orkumálum er komið til framkvæmda.

Þið kæru vinir munið leika mikilvægan þátt í að planið gangi upp.

Takk, áfram gakk.